



**BA ritgerð**  
**í félagsfræði**

**Menningarbundin mismunun**

Kenningar Bourdieus um viðhald félagslegrar mismununar

Hlynur Örn Sigmundsson

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg, prófessor  
Júní 2018



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

**Menningarbundin mismunun**  
***Kenningar Bourdieus um viðhald félagslegrar mismununar***

Hlynur Örn Sigmundsson

Lokaverkefni til BA-gráðu félagsfræði  
Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg, prófessor  
12 einingar

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2018

Menningarbundin mismunun

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsfræði  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Hlynur Örn Sigmundsson, 2018

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, 2018

## Útdráttur

Þessi ritgerð er heimildaritgerð sem miðar að því að gefa yfirsýn yfir helstu kenningar Pierre Bourdieu og hans helstu áhersluefni og hugtök. Sérstök áhersla hans er á þá virkni og þá ferla innan samfélagsins sem endurskapa og viðhalda félagslegri mismunun. Að mati Bourdieu felst dulbúið vald í yfirráðum í yfirburðum vissra hópa innan samfélagsins yfir menningu þess. Þessir hópar eru efri stéttir samfélagsins og vald þeirra, sem er dulbúið og óskynjað af flestum, felst í stjórnun og skilgreiningarvaldi yfir því hvað telst gild menning. Þeirra menningu er hyglt á kostnað öðrum birtingarmyndum menningar innan samfélagsins og yfirburðum hennar miðlað í gegnum skólakerfið. Menntun og skólun eru þá svið aðgreiningar og viðhalds þeirrar aðgreiningar.

Arfleið Pierre Bourdieu er sett í samhengi við nokkra af helstu forvígismönnum félagsfræðinnar sem fræðigreinar. Þetta eru Karl Marx, Max Weber og Émile Durkheim. Marx greindi það hvernig samfélagið og stéttaskipting innan þess endurskapar sig umhverfis efnahagslega þætti þess og Weber lagði til félagslega vídd við þá greiningu. Durkheim sá hvernig formgerðir samfélagsins, þar á meðal menntun og hlutverk fjölskyldunnar, breyttist í kjölfar iðnbyltingarinnar. Ákveðin hlutverk breyttust eða öllu heldur færðust á milli þessara formgerða.

Auk þessa eru reifaðar nokkrar rannsóknir úr samtíma Bourdieu og nýlegri rannsókn sem er varpað fram til marks um þau miklu áhrif sem Bourdieu hafði á fræðigreinina. Þau áhrif eru umtalsverð og hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á grundvelli hugmynda hans.

Gagnrýni á kenningar Bourdieu hefur verið margvísleg. Komið er inn á nokkur helstu álitaefni sem varpað hefur verið upp í því samhengi.

Þýðingar á hugtökum Bourdieu eru fengnar úr *Félagsfræði Menntunar* eftir Gest Guðmundsson (Gestur Guðmundsson, 2012).

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>2 Yfirlit klassískra kenninga</b> .....	<b>7</b>
2.1 Karl Marx.....	7
2.2 Max Weber .....	9
2.3 Émile Durkheim.....	11
2.4 Samantekt.....	12
<b>3 Yfirferð um helstu hugtök og kenningar Bourdieus</b> .....	<b>13</b>
3.1 Félagslegur hreyfanleiki.....	13
3.2 Auðmagn og menning.....	14
3.3 Tegundir auðmagns.....	15
3.4 Habitus.....	17
3.5 Vettvangur .....	20
3.6 Smekkur.....	21
<b>4 Menntun og skólun í ljósi hugmynda Bourdieus og Passerons</b> .....	<b>22</b>
4.1 Pedagógískar aðgerðir .....	23
<b>5 Gagnrýni á kenningar Bourdieus</b> .....	<b>27</b>
<b>6 Yfirlit um tengdar rannsóknir</b> .....	<b>29</b>
<b>7 Lokaorð</b> .....	<b>32</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>33</b>

## 1 Inngangur

Menntun og allar þær birtingarmyndir sem kennsla tekur innan samfélagsins eru ekki sjálfsprottunar formgerðir frekar en önnur félagsleg fyrirbæri innan þeirra. Félagsfræði menntunar gerir greinarmun á hugtökunum menntun og skólun. Menntun er sú félagslega stofnun innan samfélagsins sem hefur það hlutverk að miðla þekkingu og kunnáttu áfram innan þess á meðan í hugtakinu skólun felst það starf sem oftast fer fram innan veggja skóla og annarra formlegra menntastofnanna. Með öðrum orðum er skólun markviss miðlun menntunar samkvæmt föstu kerfi innan veggja skóla. Félagsfræði menntunar snýst um samband þess ferlis sem felst í bæði menntun og skólun og samfélagslegu samhengi þessa fyrirbæra (Giddens og Sutton, 2013).

Pierre Bourdieu hefur fjallað um þá þætti sem aðgreina einstaklinga og hópa innan samfélaga. Þá með áherslu á þá menningarlegu þætti sem viðhalda aðgreiningu. Þar að auki því valdi einstaklinga og hópa sem að búa yfir þeirri samfélagslega skilgreindu, og þar af leiðandi réttu, menningarlegu þekkingu. Af því valdi þeirra leiðir lagskipting og mismunur innan samfélagsins. Þetta vald er sem viðbót og fleiri víddir við hefðbundna sýn á stéttskiptingu, endursköpun lagskiptingar og mismunur samfélagsins í heild.

Í *Reproduction in Education, Society and Culture* sækjast Pierre Bourdieu og Jean-Claude Passeron eftir því að smíða heildstæða kenningu um félagslega endursköpun og þá með sérstöku tilliti til þess hvaða áhrif menntun og skólun hafa á það ferli. Móta þeir þar nokkur hugtök á grundvelli empirískra rannsókna og gagna í vegferð til að skýra þann aðstöðumun sem veldur mismunandi gengi barna af ólíkum uppruna hvað varðar félagshagfræðilegar aðstæður þeirra í Frakklandi á sjöunda áratug síðustu aldar (Broadfoot, 1978).

Útgangspunktur Bourdieu og Passeron er sá að í því valdi einstaklings eða hóps innan samfélagsins til þess að færa fram vilja sinn inn í samfélagið, fá þeim vilja framgengt og um leið skilgreina þá valdbeitingu sem lögmæta er honum eða þeim nauðsynlegt að dulbúa þau valdasambönd sem mynda grundvöll valdbeitingarinnar. Í því valdi felst einnig táknrænt vald til þess að framfylgja og styrkja þann valdagrundvöll. Þessi grundvöllur valds getur falist í valdi yfir menningu innan samfélags og er áhersla Bourdieu og Passeron á það svið menningar sem menntun í sínum víðasta skilningi innan samfélagsins er (Bourdieu og Passeron, 1977).

Áhrif Bourdieu og samstarfsfólks hans hafa verið gífurlega mikil og mörg þeirra hugtaka sem mótuð voru eru í mikilli notkun í félagsfræði dagsins í dag. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á þeim grundvelli sem hann átti þátt í að móta (Grenfell, 2008).

## 2 Yfirlit klassískra kenninga

Bourdieu stendur á herðum fjölmargra undanfara sinnan innan félagsfræðinnar. Þar á meðal þess þríeykis sem oft eru kenndir sem hennar helstu höfundar; Karl Marx, Max Weber og Émile Durkheim.

### 2.1 Karl Marx

Átakakenningar innan félagsfræði sjá samfélagið sem safn aðskildra hópa hverra samskipti einkennast af átökum um þau völd sem er í boði innan þess. Völd, átök og samkeppni eru þannig lykilhugtök átakakenninga. Átök felast í valdasamböndum á grundvelli hvers samkeppni brýst út á milli aðskildra hópa um auð samfélagsins. Átakakenningar snúast þannig að miklu leyti um þann mun sem er á afstöðu á milli stétta eftir yfirráðum þeirra á valdi og auð samfélagsins og þan núning á milli hópa og stétta sem þetta veldur eða leiðir af sér.

Karl Marx er eins og áður sagði einn helsti frumkvöðull félagsfræðinnar og um leið einn helsti höfundur átakakenninga innan hennar. Marx fjallaði um áhrif afstöðu einstaklinga til áður nefnds valds í samfélaginu og þá sérstaklega efnahagslegs valds. Skipan einstaklinga í stéttir grundvallast á þeirri afstöðu og leiðir af sér mismunandi stöðu þeirra innan samfélagsins. Eðli málsins samkvæmt eru auður og birtingarmyndir hans í þessum skilningi takmörkuð auðlind innan samfélagsins og þar af leiðir að sumir ráða yfir meiri auð og þar af leiðandi meira valdi. Þessi staða mála er líkleg til þess að leiða af sér viðheldni þeirra aðstæðna af og í þágu ráðandi afla sem sækjast eftir því og beita valdi sínu til þess að varðveita þá yfirburðastöðu sína. Það vald felst þannig í auknu fjárhagslegu auðmagni minnihluta samfélagsins miðað við aðra (Collins og Makowsky 2010).

Í krafti þessa er það líklegra en annað að samfélagið viðhaldist í þeirri mynd sem hefur þegar tekið.

Karl Marx taldi þannig helstu undirstöðu samfélagsins einkennast af átökum um völd. Sú sýn hans átti við um samfélög fyrri tíma sem og samfélög hans samtíma sem einkenndust af uppgangi auðvaldsskipulagsins í Vestur-Evrópu. Samfélög fyrr tíma einkenndust þannig einnig af átökum og núning milli fámennrar en valdamikillar yfirstéttar á kostnað fjölmennari og valdalítilla undirstétta.



Uppspretta þessa valds var eignarhald og yfirráð á efnahagslegum undirstöðum þess valds. Vald yfir þeim efnahagslegu þáttum sem umlykja einstaklinga og hópa. Stétt þeirra sem eiga og ráða, auðvaldssinnanna, og stétt þeirra sem ekki eiga og verða að vinna, öreigastétt, í mjög einfaldaðri mynd. Sýn Marx á samfélagið einkennist af þessari tvíþóla sýn á hugtakið stétt sem fyrirbæri sem veltur eingöngu á efnahagslegum þáttum.

Það er í hag ráðandi afla í samfélaginu að þær aðstæður sem leiða til ráðandi stöðu þeirra sömu afla viðhaldist. Af því leiðir að ráðandi öfl beita sér fyrir því að regluverk samfélagsins leiði til þess að yfirburðastaða þeirra viðhaldist. Marx nefnir þetta ferli endursköpun. Þeir ferlar og þær formgerðir sem eru til þess fallnar, viljandi og óviljandi, að eitthvað ákveðið mynstur samfélagsins viðhaldist. Í líkani Marx eru það þá auðvaldssinnar sem vilja viðhalda stöðu sinni og í krafti valds síns móta samfélagið og reglur þess eftir því. Samhliða og í raun innbyggt í þetta ferli fer fram félagsleg endursköpun. Félagslegar aðstæður og veruleiki öreigastéttarinnar endurskapast frá kynslóðar til kynslóðar samkvæmt Marx. Samhliða því endurskapast samfélagslegar aðstæður ráðandi stétta í krafti og á grundvelli valds þeirra. Undirskipun öreigastéttarinnar er í efnahagslegum skilningi í hag ríkjandi stéttar sem reiðir sig á vinnuafli þeirra. Því fylgir að sem þáttur af þeim formgerðum sem viðhalda yfirburðum þeirra sem ráða í samfélaginu, hvað varðar völd innan þess, að af þeim leiða samfélagslegar aðstæður öreigastéttarinnar (Giddens og Sutton, 2013).

Þessi sýn Marx er frekar afdráttarlaus birtingarmynd þessarar sýnar á samfélagið sem felst í félagslegri lagskiptingu. Mismunandi aðstaða einstaklinga og hópa innan lagskiptingar samfélagsins ræðst af mismunandi afstöðu þeirra til einhverra þátta samfélagsins. Sú staða ræður með öðrum orðum stétt þeirra. Einstaklingar og hópar sem eru flokkaðir saman af samfélaginu eða ferlum þess (Giddens og Sutton, 2013) (Collins og Makowsky, 2010)

Áðurnefndur útgangspunktur Bourdieu og Passeron rímar vel við þá hugmynd Marx að ríkjandi hugmyndir samfélags á hverjum tíma séu í reynd hugmyndir ríkjandi stétta innan þess samfélags. Í kenningum Marx felst það einmitt að vald yfir auðmagni innan samfélagsins jafngildi völdum innan samfélagsins. Í þessu valdi felst einnig vald til að dreifa og miðla upplýsingum áfram innan samfélagsins. Hugmyndir þeirra sem ráða

ríkjum eru því líklegri en aðrar til þess að verða ríkjandi hugmyndir innan samfélagsins (Collins og Makowsky, 2010).

Í þeirri sýn Marx að samfélagið endurskapi sig frá kynslóð til kynslóðar í efnahagslegum skilningi felst einnig sú hugsun að sú endursköpun sé samhliða félagslegri endursköpun samfélagsins. Í víxlverkun hafa efnahagslegar aðstæður hópa áhrif á félagslegar aðstæður þeirra og öfugt. Þetta leiðir til ferlis sem viðheldur efnahagslegum og félagslegum astæðum þessa hópa (Collins og Makowsky, 2010).

## 2.2 Max Weber

Þýski félagsfræðingurinn og hagfræðingurinn Max Weber skilgreindi lögmætt vald innan samfélagsins sem þann hæfileika eða burði einstaklings eða hóps til að koma vilja sínum fram óháð vilja annarra. Weber gerði einnig greinarmun á valdi sem hvílir að einhverju leyti á hótun um líkamlega þvingun og valdi sem hvílir á samfélagslega viðurkenndri heimild. Beiting valds er mismikið í krafti hótunnar um líkamlega þvingun en að öllu jöfnu hvílir valdið á einhverri viðurkenndri heimild samfélagsins. Lög samfélagsins skilgreina almennt valdhafa þess og inntak heimilar valdbeitingar og framsal þess. Stjórnmal samfélags eða jafnvel hóps eru vettvangur um baráttu um völd og yfirráð innan þeirra. Á þeim vettvang er ákvarðað hver eða hverjir séu á grundvelli einhverja ákveðinna eiginleika sinna bærir til þess að fara með vald yfir öðrum. Af þessu leiðir að innan samfélags eru einstaklingar og hópar sem eru valdameiri en aðrir og raðast þannig ofar í regluverki þess á grundvelli þess valds (Collins og Makowsky, 2010).

Stéttahugtakið var Weber einnig hugleikið. Weber byggði sínar kenningar að einhverju leyti á hugmyndum Marx. Samskipti stétta byggjast vissulega að miklu leyti á efnahagslegum þáttum sem ákvarða stöðu einstaklinga og hópa en þó ekki að öllu leyti (Giddens og Sutton, 2013). Athafnir og gjörðir einstaklinga innan samfélaga er það eina sem hreyfir við samfélögum og veldur breytingum á þeim. Samfélög eru, fyrir Weber, ekki meira eða minna en þeir einstaklingar og samskipti þeirra einstaklinga. Það er ekkert hlutbundið afl annað en mannsins sem ákveður hvaða mynd samfélagið tekur. Hvernig skipulag kemst á samfélög fyrir tilstilli athafna og gjörða einstaklinga er eitt meginviðfangsefni Webers. Þetta skipulag samfélagsins, eða félagsleg lagskipting þess, er það allsherjar skipulag eða ferli innan hvers staða allra einstaklinga og hópa eru ákvörðuð og þær formgerðir samfélagsins sem eiga þátt í því ferli. Einstaklingar mynda

eða raðast í hópa á grundvelli svipaðra eiginleika og einkenna hvað varðar efnahagslega stöðu þeirra og menningarlegrar stöðu og einnig stöðu þeirra miðað við aðra einstaklinga og á grundvelli þess valds sem einstaklingur eða hópur býr yfir (Collins og Makowsky, 2010). Félagsleg lagskipting fyrir Weber er þannig ekki sama tvíþóla stéttakerfi og Marx sá fyrir sér. Einstaklingar og hópar raðast inn í lög samfélaga eftir áður nefndum þremur þáttum. Vissulega hafa efnahagslegir þættir þar mikil áhrif en einnig afstaða einstaklings til valda innan samfélagsins. Myndin er því flóknari og einstaklingar og hópar geta raðast inn í lagskiptingu samfélagsins á ótal vegu eftir þessum þremur þáttum (Giddens og Sutton, 2013). Hvernig fólk hópar sig saman, meðvitað og ómeðvitað á grundvelli þessa þriggja þátta, myndar lagskiptingu samfélagsins. Einfaldar samsetningar og samskipti eins og hópar sams konar einstaklinga og flóknari mynstur og formgerðir eins og stofnanir eða menntakerfi samfélags byggja á þessum grundvelli (Collins og Makowsky, 2010).

Stétt er þannig dýpra hugtak fyrir Weber en það er fyrir Marx. Stéttir eru ekki eina aðgreining sem er á milli einstaklinga innan samfélags. Vissulega eru efnahagslegir þættir ein aðgreining á milli einstaklinga. Samkvæmt Marx eru efnahagslegir þættir eða afstaða þeirra til framleiðslutækjanna það eina sem aðgreinir einstaklinga og hópa frá öðrum. Weber kryfur það sem aðgreinir einstaklinga og hópa í samfélagi nánar. Stétt er ekki það sama og samfélagshópur en fyrir Marx felast þessi hugtök bæði í stétt. Weber aðgreinir stétt sem „efnahagsleg staða miðað við framleiðslutækin“ frá hugtökunum stöðu og virðingar eða álits. Fyrir Weber eru þetta mismunandi birtingarmyndir á völdum einstaklinga og hópa innan samfélaga. (Weber, 2010)

Einstaklingar í nútímasamfélögum geta bætt stöðu sína og aðgreint sjálfa sig frá öðrum með því beitingu tákna sem aðrir einstaklingar skilja. Á grundvelli þessa tákna kann einstaklingur að stíga í álit annarra. Það hvernig manneskja ber sig, tengslanet hennar og hvaða veraldlegu muni hún hefur vald yfir eru dæmi um atriði sem geta bætt stöðu einstaklinga.

Markaðsvirði eða markaðsstaða einstaklings mætti kalla þá samvinnunn ofantaldra eiginleika einstaklinga. Það hvernig einstaklingur vinnur með þá eiginleika sem hann býr yfir hefur mikil áhrif á afkomu hans og hvernig honum vegnar á því sem mætti kalla markaðstorgi samfélagsins (Weber, 2010).

## 2.3 Émile Durkheim

Émile Durkheim var samheldni samfélagsins hugleikin. Einhver atriði í samsetningu samfélaga eru til þess fallinn að stuðla að áframhaldandi tilvist þess. Að sama skapi eru formgerðir sem eru til þess fallnar að viðhalda því í óbreyttri mynd. Menntakerfi innan samfélaga eru eitt þessara atriða eða formgerða þess. Skólar sinna ákveðnu samfélagslegu verkefni og miðla upplýsingum og kunnáttu. Émile Durkheim fjallaði um undirliggjandi hlutverk menntakerfa í sínum samtíma, sem einkenndist af umbreytingu vestrænna samfélaga í kjölfar iðnbyltingarinnar, sem fólst í að kenna nemendum ákveðina félagsmótun. Samfélagsgerð eða breytingar á þeirri gerð þessa tíma í Vestur-Evrópu einkenndist af fráhvarfi frá hefðbundnu mynstri sem einkenndist af fjölskyldunni sem aðal uppsprettu menntunar einstaklinga. Við iðnbyltingu tók við flóknara samfélag og sérhæfðari atvinnuvegir sem kröfðust annarar heðgunnar og sértækari þekkingar en áður fyrr. Yfir á menntakerfið valt hlutverkið að undirbúa nemendur undir atvinnulíf sem færðist frá fjölskyldunni og yfir í verksmiðjur og aðra vettvanga samfélagsins (Giddens og Sutton, 2013).

Að styrkja og viðhalda þeim valdagrundvelli sem viðheldur yfirburðastöðu ákveðins hóp á einhverjum tíma felur óhjákvæmlega af sér viðleitni til að ákveðnar félagslegar aðstæður viðhaldist yfir tíma. Þar á meðal áður nefndar formgerðir sem viðhalda samheldni þess. Félagsmótun nefnist það ferli þegar einstaklingum er innrætt frá fæðingu og í raun í gegnum alla ævi reglur samfélagsins. Vissir eiginleikar og stofnanir samfélaga eru lífseigari en manneskjurnar sem mótast af þeim. Menntun sem stofnun samfélagsins og skipulegt menntakerfi eru eins og segir dæmi um þetta. Félagsleg endursköpun samfélagsins er það ferli sem viðheldur þessum eiginleikum og stofnunum hvað varðar félagslegar aðstæður þeirra einstaklinga og hópa sem mynda það (Giddens og Sutton, 2013).

Félagsmótun hinna yngri kynslóða á tíma Durkheim færðist lengra frá heimili og fjölskyldu. Menntun hefur alltaf verið einn helsti vettvangur félagsmótunar en í kjölfar iðnbyltingar færist hluti þeirrar innrættingar einstaklings á reglum samfélagsins frá heimilinu og fjölskyldu að talsverðu leyti (Giddens og Sutton, 2013).

Þannig er viðhald valdagrundvallar efri stétta á aðstæðum sínum til þess fallnar að endurskapa bæði aðstæður sínar og þeirra undirskipuðu stétta sem mynda samfélagið allt (Giddens og Sutton, 2013).

## **2.4 Samantekt**

Fjölmargir aðrir fræðimenn höfðu áhrif á verk Bourdieu. Þeir sem hafa verið taldir upp eru reifaðir sérstaklega í ljósi stöðu þeirra sem brautryðjenda og mikilla áhrifavalda á sviði félagsfræðinnar. Það er greið leið frá kenningum Marx um þau sterku áhrif fjárhagsauðs innan samfélagsins sem uppsprettu valds yfir í það sem mætti kalla viðbætur Webers við þá sýn. Nefnilega þá sýn að félagsleg lagskipting og aðgreining velti einnig á öðrum menningarbundnum og félagslegum þáttum hvað varðar stöðu einstaklinga og hópa miðað við aðra. Þar að auki þau tákni og merkingar þeim tengdum sem fólk beitir fyrir sér í samskiptum sínum við aðra. Einnig áhersla Webers á að grundvöllur samskipta í formi tákna og merkingar þeirra geta verið vettvangur dulbúnings á undirliggjandi mismunun á milli einstaklinga og hópa.

Áhrif Durkheim á Bourdieu eru tengd þessum síðasta punkti. Afstaða einstaklinga og hópa til samfélagsins er háð þeim samfélagslegu aðstæðum sem þeir fæðast inn í og búa við (Gestur Guðmundsson, 2012).

### **3 Yfirferð um helstu hugtök og kenningar Bourdieus**

Einn helsti styrkleiki Bourdieu og ein af ástæðum þess að arfleidd hans er jafn lífseig og raun ber vitni eru ítarleg hugtakasmíð hans. Sum þeirra, líkt og habitus, eru þekktar hugmyndir úr öðrum kenningum innan félagsfræði og öðrum fræðigreinum. Það er til marks um áhrif Bourdieu að mörg þeirra hafa orðið nátengd honum og, í tilfelli habitus, nánast ekki nefnd í öðru samhengi (Gestur Guðmundsson, 2012).

#### **3.1 Félagslegur hreyfanleiki**

Félagslegur hreyfanleiki er hugtak sem er ekki upprunalega upprunnið úr rannsóknum eða verkum Bourdieu en er nátengt hugmyndum hans. Það er nauðsynlegur þáttur fyrir umfjöllun um þær hugmyndir og hugtök.

Félagslegur hreyfanleiki er hugtak sem er tengt félagslegri lagskiptingu og vísar oftast til félagshagfræðilegrar stöðu einstaklings yfir tíma og þeim breytingum sem geta eða geta ekki orðið þar á. Í félagslegum hreyfanleika einstaklings felst það hvaða möguleika einstaklingur hefur eða hvað það er sem veldur því að einstaklingur getur færst til eða ekki í stéttaskipan samfélagsins. Félagslegur hreyfanleiki getur verið lóðréttur og vísar til þess að einstaklingur færist annað hvort upp eða niður um stétt eða félagshagfræðilegan stall innan samfélagsins. Aukið fjárhagslegt auðmagn einstaklings vegna atvinnu eða stöðu veldur jákvæðum félagslegum hreyfanleika fyrir einstaklinginn og öfugt. Félagslegur hreyfanleiki getur einnig verið láréttur og vísar þá til flutninga í rúmi. Einstaklinga flytja í önnur hverfi, á milli borga eða landa. Lóðréttur og láréttur félagslegur hreyfanleiki tvinnast oft saman. Félagslegur hreyfanleiki er oft hugsaður annað hvort innan kynslóðar eða á milli kynslóða. Að hvaða leyti vænkast eða versnar staða einstaklings á atvinnuferli sínum? Að hvaða leyti er staða barna frábrugðinn stöðu foreldra þeirra í félagshagfræðilegu tilliti? Seinni spurningin vísar til félagslegs hreyfanleika milli kynslóða (Giddens og Sutton, 2013).

Félagslegur hreyfanleiki eða óhreyfanleiki milli kynslóða er hugtak nátengt hugmyndinni um félagslega endursköpun. Menntun í víðu samhengi er oft álitin hafa þann eiginleika að minnka bil milli stétta og veita einstaklingum í lægri stéttum raunhæfa leið til þess að stíga skref upp á við innan samfélagsins. Samt sem áður virðist menntakerfið oft hafa önnur áhrif og virkni og efla frekar viðheldni undirskipan og samfélagsgerðinni í heild.

### 3.2 Auðmagn og menning

Sú menning sem fyrirfinnst í samfélagi er þannig einn vettvanga lagskiptingar samfélagsins. Einstaklingar og hópar eru í þessum skilningi aðgreindir á grundvelli afstöðu sinnar til einhverra ákveðinna þátta valds og menningar samfélags. Samfélagsgerð skiptir ekki máli í þessu samhengi. Aukið vægi eða vald einstaklings á menningarlegum atriðum er auður í sama skilningi og fé er í hefðbundnum skilningi hagfræðinnar. Fjárhagsauður og menningarauður einstaklings hefur áhrif á stöðu einstaklings innan samfélagsins. Menning lýtur þannig svipuðum reglum og hagkerfi. Afstaða einstaklinga og hópa til efnahagslegra þátta í hefðbundnum skilningi ræður miklu um stöðu þeirra innan samfélags. Á svipaðan hátt eða öllu heldur samhliða hinni hefðbundnu sýn á hagkerfi samfélags er til hagkerfi menningar þess. Afstaða einstaklinga og hópa til menningarlegra þátta ræður því einnig miklu um stöðu þeirra innan samfélagsins. Hagfræðilegir þættir og menningarlegir hafa áhrif hvor á annan. Bætt staða einstaklings hvað varðar hagfræðilega þætti getur verið til þess að bæta stöðu hvað varðar menningarlega þætti og öfugt. Samkeppni um stöðu leiðir eðli málsins samkvæmt til ójöfnuðar á milli einstaklinga. Ójöfnuður leiðir óhjákvæmilega til átaka um þau veraldlegu og andlegu gæði sem í boði eru. Menning er þannig vettvangur átaka innan samfélags á sama hátt og stjórnsmál þess eru vettvangur átaka um veraldleg völd. Þessi áhrif eru ekki endilega augljós en formgerð samfélagsins í heild og formgerðir innan þess hafa dulbúnar virknir sem verja og viðhalda yfirburðarstöðu ákveðinna einstaklinga og stétta á kostnað annarra. Þessi ferli geta verið og eru innbyggð í menntakerfi samfélagsins (Collins og Makowsky, 2010).

Félagsleg lagskipting og félagsleg endursköpun er þannig afleiðing misskiptingar innan samfélagsins samkvæmt Marx. Hugmyndir Bourdieu og Passeron snúast eins og áður sagði um áhrif menntunar innan samfélagsins á félagslega lagskiptingu og endursköpun. Það er skólakerfi samfélagsins sem viðheldur stéttaskiptingu þess. Menning samfélags og nánar tiltekið menntun innan þess er það sem veldur félagslegri lagskiptingu. Til þess að brúa bilið milli hugmynda Marx og sýnar Bourdieu og Passeron á hlutverk menntunar í því samhengi er nauðsynlegt að líta á aðrar en nátengdar hugmyndir Bourdieu á þessu sviði. Það eru framþróun Bourdieu á sýn Marx á auðmagni einstaklinga auk hugmynda um þá vettvanga eða svið lífs innan samfélagsins handhöfn aukins auðmagns skiptir máli fyrir einstaklingins. Þau að auki hvernig handhöfn

auðmagns er innfærð inn í hvern og einn einstakling með félagsmótun og mótar hann og öll hans samskipti innan samfélagsins, meðvitað og ekki.

### 3.3 Tegundir auðmagns

Pierre Bourdieu mótar í verkum sínum heildstæða kenningu um félagslega og menningarlega endursköpun með hliðsjón af endursköpun félagslegs ójöfnuðar milli kynslóða.

Pierre Bourdieu sá samfélagið sem skipulegt stigveldi þar sem einstaklingar raðast eða öllu heldur er raðað af samfélaginu, eftir tilteknum eiginleikum sínum, í stéttir innan samfélagsins. Þessir eiginleikar eru auðmagn einstaklingsins. Bourdieu, undir sterkum áhrifum frá Marx, rekur þannig misjafna stöðu einstaklinga innan samfélagsins að þessu leyti til mismunandi magns auðmagns einstaklinga. En ekki þó eingöngu til efnahagslegs auðmagns eða afstöðu til efnahagslegra atriða heldur skeytir hann við, undir áhrifum frá Weber, menningarlegum víddum við hugtakið stétt. Grundvöllur stéttskiptingar er alltaf afleiðing mismunandi yfirráða einstaklinga yfir mismunandi birtingarmyndum auðmagns innan samfélagsins (Bourdieu, 1987).

Einstaklingur, á hverjum tíma, er ekki sjálfstæður og aðskilinn frá því umhverfi og þeim einstaklingum sem ólu hann upp. Hver og einn stendur á öxlum allra þeirra sem á undan komu og nýtur góðs og ílls af þeirri uppsöfnuðu auðæfum sem einstaklingur fæðist inn í eða erfir beint eða óbeint í félagsmótun og uppeldi. Þannig er formgerð misskiptingar byggður á uppsöfnuðum raunveruleika sem einkennir upphafspunkt allra einstaklinga á mismunandi vegu. Auður er líklegri til þess að endurskapa sjálfan sig á beinn eða óbeinan hátt í gegnum kynslóðirnar með vöxtum og þannig eru forréttindum sumra haldið við og erfast áfram. Á sama hátt erfast undirskipuð staða annarra. Frá ráspunkti eru með auknum líkindum hægt að spá fyrir um þær brautir sem munu standa einstakling opnar og svið sem verða honum aðgengileg á grundvelli valds þess einstaklings yfir mismunandi birtingarmyndum auðmagns (Bourdieu, 1986).

Bourdieu telur að hagfræðin ein geti ekki gert grein fyrir formgerð og virkni hins félagslega heims og endursköpunar og viðheldni með aðeins hugsunum um fjárhagsauð og birtingarmyndir hans. Auðmagn birtist á nokkra mismunandi vegu fyrir einstaklingum. Mismunandi gerðir auðmagns veita mismunandi gerðir valds og möguleika það er innbyggð mismunun í samfélaginu sem byggir á uppsöfnuðu auðmagn



af öllum gerðum og dreifingu þess. Að einblína á fjárhagsauð sýnir ekki nema þá stöðu einstaklinga. Efnahagslegir þættir eru vissulega mjög áhrifaríkur mælikvarði en getur ekki sagt alla söguna að mati Bourdieu.

Bourdieu ber kennsl á fjárhagsauð og þrjár óefniskenndar birtingarmyndir auðmagns: menningarauð, félagsauð og táknbundinn auð. Fjárhagsauður er hefðbundin birtingarmynd auðs í samfélagi. Þetta er sýn hagfræðinnar og sú undirstaða sem kenningar Marx byggja á. Peningar, eignir og ýmsar birtingarmyndir uppsafnaðrar vinnu einstaklinga sem skipta má út fyrir nánast hvað sem er annað til í raunheiminum. Efnahagslegu auðmagni má undir vissum kringumstæðum skipta út fyrir aðrar óefniskenndar birtingarmyndir auðmagns. Þar að auki er fjárhagsauð hægt að umbreyta um leið. (Bourdieu, 1986).

Félagsauður er safn þeirra sambanda við aðra einstaklinga og hópa sem einstaklingur hefur í tengslaneti sínu og þeirrar hæfni einstaklings að geta nýtt sér í hag það tengslanet. Félagsauði er þannig unnt að umbreyta í fjárhagsauð. (Bourdieu, 1986).

Táknbundinn auður felst í þeirri upphefð sem einstaklingur vinnur sér inn og gerir honum kleift að aðgreina sjálfan sig frá öðrum. Þessi upphefð getur til dæmis falist í menntun og atvinnu einstaklings sem veitir honum völd og auðmagn umfram aðra.

Menningarauð er miðlað til einstaklings bæði með félagsmótun í gegnum fjölskyldu og menntun. Einstaklingurinn öðlast þekkingu, færni og hæfni sem er ef til vill í formi gráða frá menntastofnunum eða önnur meðmæli. Pierre Bourdieu lagði mesta áherslu á menningarauð og þær þjargir og það forskot sem felst í menntun og þekkingu einstaklings á þeim köntum menningar sem eru í hávegum hafðir í samfélaginu. Það er þannig þekking á viðtekinni menningu innan samfélagsins en ekki allri menningu samfélags. Aðgreining er á milli menningar ríkjandi og efri stétta samfélagsins og menningu undirskipaðra stétta. Menningarauði eru mögulegt að umbreyta í fjárhagsauð og getur birst í táknbundið í stofnanabundnu formi í titlum og gráðum frá mennta- og menningastofnunum.

Menningarauður birtist á þrjá vegu samkvæmt Bourdieu. Hann getur verið líkamnaður eða með öðrum orðum bundinn í innsta eðli einstaklings og birtist, sem dæmi, þannig í því hvernig einstaklingur beitir sér eða telur rétt að beita sér í aðstæðum. Menningarauður getur einnig verið raungerður í munum sem einstaklingur á

eða hefur vald yfir svo sem í formi bóka og listmuna og annarra birtingarmynda menningar. Menningarauður er einnig stofnanabundinn í formi prófgráða frá skólum eins og komið hefur fram. Það eru þannig blæbrigðamunur á því hvernig menningarauð er aflað og hann birtist en undirstaðan er í valdi einstaklings yfir ákveðnum birtingarmyndum menningar samfélagsins (Gestur Guðmundsson, 2012).

Líkt og fram hefur komið má líkt og á markaði og undir vissum kringumstæðum skipta út einni tegund auðs fyrir aðra. Að þekkja rétta fólk, aukinn félagsauður miðað við aðra, kann að skila sér í auknum táknbundnu auðmagni. Að hafa í farteskinu aukin menningarauð vegna góðs gengis í skóla og mögulega rétta skólanum kann að skila sér í auknum fjárhagsauð á atvinnumarkaði (Giddens og Sutton, 2013). Dæmi um þetta væri að foreldrar sem búa yfir auknum fjárhagsauð eru líklegri til þess að geta aukið við menningarauð barna sinna með því að fjárfesta í menntun þeirra og menningarlegum upplifunum. Þannig er fjárhagsauði umbreytt í menningarauð milli kynslóða með fjárfestingu og umbreytingu á auðmagni.

Auðmagn einstaklings er þannig það sem ákvarðar stöðu einstaklings innan regluverks samfélagsins. Aukið auðmagn er ávísun á aukin völd innan samfélagsins. Vissar birtingarmyndir auðmagns eru verðmætari eða nytsamlegri en aðrar. Allar birtingarmyndir auðmagns geta verið til framdráttar fyrir einstaklinginn í efnahagslegum skilningi samkvæmt eldri kenningum Marx og félagslegum í víðbót Bourdieu (Bourdieu, 1986).

Félagsauður, menningarauður og táknbundinn auður eru skyldar hugmyndum Webers hvað varðar viðbætingu hans á félagslegri vídd við lagskiptingu Marx.

### **3.4 Habitus**

Eins og komið hefur fram lagði Pierre Bourdieu mesta áherslu á menningarauð í verkum sínum. Bourdieu leggur til að hugsað sé um menningu samfélagsins sem markað. Innan menningar samfélagsins myndast og gilda svipaðar reglur um framboð og eftirspurn. Það leiðir af sér að vissir eiginleikar eða kunnátta fólks á sviði menningar eru eftirsóttari en aðrir. Sum menning eða birtingarmyndir hennar eru í hávegum höfð, þykir fínni, en önnur ekki. Einstaklingar og hópar eru á vissann hátt merktir eða bera með sér einkenni þeirrar menningar sem þeir tilheyra eða hafa vald yfir (Collins og Makowsky, 2010).

Mismunandi afstaða fólks til veraldlegra gæða hefur í för með sér stéttskiptingu. Bourdieu tengir þennan veruleika saman við mismunandi námsframmistöðu barna eftir stétt þeirra saman í rannsókn sinni á félagslegri endursköpun á grundvelli aðgreiningu á milli stétta. Efri stéttir eru líklegri til þess að vera færar um að fjárfesta í auknum menningarauð og sú fjárfesting skilar sér í betri námsframmistöðu þeirra barna sem í sinni félagsmótun búa við aukin menningarauð. Þannig tvinnast saman efnahagsleg og menningarleg stéttskipting og þessir tveir þættir í sameiningu viðhalda aðgreiningu milli stétta. Vald yfir menningu sem einstaklingar hafa hefur áhrif á sviðum sem í hlutarins eðli hafa enga augljósa beina tengingu við skólastarf eða kennslu og veldur aðgreiningu.

Félagsmótun einstaklings skilar sér til einstaklings í líkani Bourdieu sem habitus einstaklingsins. Habitus er stundum þýtt sem veruháttur einstaklings í íslenskum þýðingum. Habitus einstaklings er lykilhugtak í verkum Bourdieu. Habitus einstaklings er innfærð tilhneiging eða afstaða hans til sjálfs sín og samfélagsins út frá félagslegum aðstæðum og skilyrðum hans. Framkoma, talandi, hugsun og hegðun eru dæmi um atriði sem mynda þá formgerð sem habitus einstaklings er fyrir honum. Með öðrum orðum er habitus innfærður menningarlegur staðall háður þeim samfélagslegum aðstæðum sem einstaklingur býr við í sinni félagsmótun og raunar alla ævi. Uppspretta habitus einstaklings er fyrst og fremst hjá og í gegnum fjölskyldu og heimili. Önnur svið samfélagsins bæta við habitus, breyta honum og þróa og þá sérstaklega skóli eða skólakerfið (Giddens og Sutton, 2013) (Collins og Makowsky, 2010) (Bourdieu, 1987).

Um leið og habitus einstaklings mótast af samfélagslegum aðstæðum einstaklings þá er habitus einstaklings það sjóngler sem einstaklingur upplifir, skilur og túlkar samfélagið í gegnum eða út frá, habitus einstaklings er þá sem hluti af honum jafnvel þó að einstaklingur geri sér ekki sérstaklega grein fyrir því og jafnvel gera það fæstir. Habitus er þá það sem mætti kalla hluta af grunneðli einstaklings. Menningarlega áskipaður hugsunarháttur og atferli sem verður, meðvitað og ómeðvitað, eðlislægur með tíð og tíma. Nokkurs konar grundvöllur hegðunnar einstaklings. Einstaklingar sem deila sams konar uppruna hvað varðar stétt deila oft sams konar habitus. (Bourdieu og Passeron, 1977) (Giddens og Sutton, 2013).

Habitus er innbyggður útgangspunktur einstaklings til samfélagsins alls í flestóllum tilvikum. Habitus einstaklings er birtingarmynd þess hvernig menning ákveðins hóps eða

stéttar í samfélaginu er innbyggð í einstaklinginn. Með félagsmótun er ákveðnum menningarstaðli, skoðunum og upplifunum, sjaldnast beint en heldur oftast óbeint, miðlað til einstaklings í því áralanga ferli sem uppeldi og menntun, í sínum víðasta skilningi, er.

Ef inntak habitus einstaklings er menningarstaðall þá er habitus einnig bundinn og aðgreindur eftir sömu aðgreiningum og aðgreina stéttir. Habitus er þannig um leið menning og gildi í víðum skilningi eins og fyrr kom fram en tilheyrir um leið hverri stétt fyrir sig. Öllu heldur mætti segja að sama aðgreining og er á milli stétta innan samfélaginu hefur áhrif á þá innrætingu sem felst í habitus einstaklings. Af þessu leiðir að fólk sem á svipaðan uppruna hvað varðar stétt deilir oft svipuðum habitus og á meiri samleið með fólki af svipuðum uppruna.

Eðli habitus einstaklings er hluti af eðli einstaklingsins og ekki eitthvað sem einstaklingur er meðvitaður um á hverju sinni. Þær formgerðir samfélagsins sem móta einstaklinginn eru margar hverjar langlífari en nokkur einstaklingur. Sömu eða svipaðar aðstæður móta ekki bara heilar kynslóðir eftir stéttalínunum heldur endast og móta kynslóð eftir kynslóð. Ákveðin hringverkun á sér stað þannig að, sem dæmi, foreldrar barns eru mótaðir af sinni félagsmótun á grundvelli félagsdagfræðilegra aðstæðna sinna og munu þannig viðhalda þeim aðstæðum sem móta habitus sinn á þannig hátt að þær skila sér til afkomenda sinna sem endurtekur það hlutverk. Þannig fær habitus einstaklings það eðli sitt að vera ekki fyrirbæri sem er endilega greinanlegt hverjum og einum. Þetta eru ferlar sem endast lengi. Mismunandi habitus einstaklinga birtist í árekstum og er ef til vill útskýrður sem persónubundinn mismunur eða á grundvelli aðgreininga á milli stétta sem fólk tilheyrir en hinn raunverulegi arfur sem mismunandi habitus veitir fólki er ekki greindur.

Mismunandi habitus fólks á mis vel við eftir því hvaða vettvangi fólk er staðsett á. Sams konar svið myndi ákveðin knypki sem fólk með svipaðan uppruna og reynslu sækir frekar en önnur. Vissir skólar, vissar matvenjur og menningarfyrirbæri og neysla á menningu; tónlist, bækur og kvikmyndir sem dæmi um fyrirbæri sem fólk nálgast bæði á annan hátt og velur mismunandi birtingarmyndir af eftir sínum habitus.

Af ofantöldu er ljóst að habitus er nátengt hugmyndum um stétt og þar af leiðandi félagslega lagskiptingu og endursköpun hennar. Habitus hvers og eins er í senn mótaður

af félagshagfræðilegum veruleika hvers og eins en mótar í senn vitund hvers einstaklings. (Bourdieu, 1987)

### 3.5 Vettvangur

Þeir vettvangar samfélagsins þar sem yfirráð einstaklingsins yfir auknu auðmagni, miðað við aðra, skilar sér í samkeppnislegu forskoti nefnir Bourdieu svið. Vettvangar hafa hvert fyrir sig ákveðnar leikreglur sem tilheyra þeim. Vettvangar eru félagsleg fyrirbæri á borð við fjölskylduna, menntakerfið og mismunandi stig innan þess og vettvangar líkt og stjórnmál eða vinnustaðir. Vettvangar eru mismunandi að stærð og geta skarast. Innan hvers vettvangs eru ákveðnar reglur og aukið auðmagn af vissri gerð er gjaldgengara þar eða öllu heldur einstaklingurinn sem býr yfir því. Yfirráð einstaklings yfir mismunandi birtingarmyndum auðmagns er það sem veitir aðgang eða ekki að mismunandi vettvöngum samfélagsins. Aukin færni einstaklings á einu sviði getur skilað sér á öðrum skyldum eða sams konar sviðum.

Vettvangar eru líkt og önnur svið samfélagsins svið aðgreiningar og það er aðgreining á milli vettvanga. Vettvangar eru mis mikils metnir af samfélaginu og menningu þess og rétt eins og einstaklingar raðast inn í lagskiptingu samfélagsins í heild gilda sams konar reglur hvað varðar vettvanga innan þess. Einstaklingar innan vettvanga hafa eins og áður segir mis mikið auðmagn og það auðmagn á mis vel við vissa vettvanga. Þeir sem tróna á toppi hvers vettvangs eru þannig oft dómbærir um það hverjir eru gjaldgengir á hverjum vettvang. Með öðrum orðum ákvarðast þannig staða einstaklinga innan vettvanga (Gestur Guðmundsson, 2012).

Bourdieu skrifar fyrst og fremst á frönsku og notar franska orðið „*champs*” sem á meira skylt við enska orðið „*field*” (sem er þar notað í enskum þýðingunum) en íslensku þýðinguna vettvangur. Vísar hann þar þannig séð í hugtök eins og vígvöll („*battle*“-), íþróttavöll („*football field*“) eða svæði þar sem einstaklingur fer með völd á grundvelli þekkingar á reglunum sem þar gilda og því valdi sem felst í því. Mannleg samskipti fyrir Bourdieu eru vettvangar sem fara eftir reglum og þar sem einstaklingar með meiri völd og skilning yfir þessum reglum gengur almennt betur en öðrum (Thomson, 2012).

Viðfangsefni Bourdieu eru menntun og menning í ljósi stéttskiptingar og félagslegrar endursköpunar. Á sviði menntunar mun þeim, sem í gegnum félagsmótun, hafa verið innrættar þær leikreglur sem gilda á því sviði að öllu jöfnu ganga betur en þeim sem

hafa ekki verið þær innrættar. Með öðrum orðum munu börnum úr þeim fjölskyldum sem hafa aukin menningarauð standa betur að vígi miðað við börn úr fjölskyldum sem búa yfir minni.

### **3.6 Smekkur**

Ofantalin hugtök sem Bourdieu mótar renna saman eða öllu heldur tengjast hugmyndinni um smekk einstaklinga. Smekkur er einstaklingsbundin afstaða til atriða á borð við aðra einstaklinga og hópa, hluta og upplifana. Smekkur á augljóslega ekki uppruna sinn að rekja til hugmynda Bourdieu en er eitt miðlægt hugtak í verkum hans. Smekkur í ljósi hugtaka Bourdieu er svið aðgreiningar. Einstaklingar og hópar hafa oft mismunandi afstöðu til áðurnefndra atriða. Þessi mismunandi afstaða getur verið skilyrt á grundvelli habitus einstaklinga og verið til marks um yfirráð þeirra yfir mismunandi gerðum auðmagns en sérstaklega yfirráðum þeirra yfir auknum menningarauð. Smekkur vísar oft til beitingu einstaklinga á birtingarmyndum tákna og fyrirbæra sem eru hluti af eða bókstaflega eru menning samfélagsins. Mismunandi auðmagn einstaklinga veitir þeim vitneskju og vald yfir táknum menningar og af því stafar aðgreiningarmáttur smekks innan samfélagsins. Einstaklingur með aukin fjárráð kann að keyra dýrari bíl ekki eingöngu vegna þess að ökutækið er í hans augum fallegt eða öflugt þó það hafi vissulega áhrif. Beiting táknsins „dýr bíll“ getur þannig verið til marks um háa stöðu þess einstaklings sem sá nýtir sér til þess að aðgreina sig frá öðrum sem kunna ekki að hafa ráð á því sama. Að sama skapi kann þessi aðgreining að birtast þannig að það þykji finna að sækja vissa veitingastaði, sjá leiksýningu frekar en kvikmynd eða gangi í einn skóla frekar en annan. Auðvitað er það þannig að fólk hefur mismunandi skoðanir eða, í almennum skilningi orðsins, smekk. Áhersla Bourdieu er á þá samfélagslegu aðgreiningu sem getur falist í smekk með skilgreiningu efri stétta á hvað geti talist góður smekkur. Það er oftast en ekki dýrari vörur og munaður sem ekki er á færi allra. Einmitt það veitir jafnvel hækkaða stöðu hlutarins eða verknaðarins í vissum tilfellum (Gestur Guðmundsson, 2012).

#### 4 Menntun og skólun í ljósi hugmynda Bourdieus og Passerons

Hefðbundin sýn á hlutverk skóla og menntakerfisins er á það hlutverk þess að miðla upplýsingum og kunnáttu áfram. Um leið er óbein afleiðing þeirrar miðlunar í mörgum samfélögum að jafna hlutskipti þeirra sem standa höllum fæti í félagshagfræðilegu tilliti þar sem flestir fá svipaða menntun innan sama samfélagsins.

Sýn áttakakenninga á menntakerfið litast að þeirri hugsun að mismunandi valdastaða og valdasambönd ákvarði að miklu leyti loka útkomu og birtingarmynd menntunar innan samfélagsins. Samfélagið er svið sem einkennist af árekstrum og átökum milli þeirra valdameiri og þeirra valdaminni. Áhrifamikili kenning Bowles og Gintis á sviði áttakakenninga hvað varðar menntun fullyrðir að sú félagsmótun sem fer fram í skólum og menntakerfinu sé til þess fallinn að fyrst og fremst móta nemendur fyrir störf og stöður innan hins markaðshagkerfis sem einkennir flest vestræn ríki nútímans. Skólinn og menntakerfið mótar persónuleika og gildi einstaklinga að þeim kröfum sem líklega verða gerðar til þeirra innan starfsvettvanga þeirra í framtíðinni. Skólar eru skipulagðir á svipaðan hátt og fyrirtæki af þeirri ástæðu. Kennarinn sem yfirmaður og hver kennslustofa aðgreind deild. Einstaklingar eru verðlaunaðir fyrir ákveðna hegðun, en þeim er að sama skapi refsað fyrir óæskilega hegðun (Giddens og Sutton, 2013).

Sýn Durkheim var sú að í vestrænum sem einkennast af auðvaldsskipulagi þá hefur skólinn og menntakerfið yfirtekið hluta félagsmótunar yngri kynslóða. Með það í huga og áðurnefnda sýn áttakakenninga mætti segja að menntakerfið sé í raun verkfæri ríkjandi afla til þess að skapa þá starfskrafta sem þarf til og stuðla að viðhaldni þess flæðis frá skólum og út í atvinnulífið. Burtséð frá því hvort að það sé raunverulegur og yfirlýstur tilgangur þá getur virknin til þessa þó verið til staðar.

Foreldrar af milli stétt og efri stétt eru líklegri en foreldrar af undirstétt til þess að hafa lokið meira en skyldunámi eða til þess að hafa stundað eða lokið námi við háskóla. Þessir foreldrar eru einnig líklegri til þess að hafa tíma og aukna kunnáttu til þess að vera færir um að aðstoð börn sín í námi eða úrræði til hins sama. Aðgreining á milli stétta hvað varðar menntun felst þó í fleiru en þessu. Auknum tíma og úrræðum er að jöfnuði beitt til að kynna og kenna börnum á afkima lista og menningar sem er líkleg til þess að stuðla að bættu gengi þeirra í námi. Þetta er ekki endilega og raunar sjaldnast markbundin stefna foreldra af þessum lögum samfélagsins en er menningarbundið

atriði. Fjárfesting í tónlistarkennslu og ferðir á listasöfn eru dæmi um þetta. Þetta spilar inn í þann habitus sem mótast hjá börnum foreldra af milli- og efri stéttum samfélagsins. Að viðhaft sé ákveðið viðhorf til mennta og menningar sem sjálfsagðan hluta lífsins og nauðsynlegan fyrir frama og framtíð. Skóli er sjálfsagður og stefnan er líklega sett á menntaskóla og háskóla af skyldunámi loknu. Þessi viðhorf eru ef til vill ekki jafn líkleg til að vera ofarlega á baugi á heimilum sem búa við skort hvað varðar menningarauð. Þar af leiðandi er líklega að börn af þeim heimilum búi ekki við viðeigandi habitus þegar komið er á efri stig menntakerfisins og útiloki sig á vissann hátt sjálf.

Sýn Bourdieu á menntun er undir áhrifum frá áðurnefndum hugmyndum Weber um aðgreiningu á stöðu einstaklings hvað varðar stéttir; þá ekki einungis á grundvelli hagfræðilegra atriða heldur einnig hvað varðar samfélagslega stöðu einstaklings. Helsta viðbót Bourdieus er að það sé aðgreiningarvald fólgið í menningu og miðlun hennar í sjálfri sér en ekki einungis einstaklingar og hópar sem aðgreina sig sjálfa á eigin verðleikum og fyrir eigin tilstilli. Með öðrum orðum kunna menningarleg atriði og meðferð þeirra eða skortur þar á að valda eða hafa áhrif á misskiptingu og ójöfnuð.

#### **4.1 Pedagógískar aðgerðir**

Menntakerfið er hluti af menningu samfélagsins. Það er innan veggja skólans og menntakerfisins í heild sinni, allt frá leikskóla og í gegnum grunnskóla og háskólanám sem skipulagt menntastarf hefur meðal annarra þekktra og yfirlýstra hlutverka þau óbeinu áhrif að miðla félagshagsfræðilegu ójafnrétti. Eitt hlutverk menntastofnanna er að lögmæta þá stéttaskiptingu og aðgreiningu sem fyrir er innan samfélagsins í heild og viðhalda henni.

Í *Reproduction in Education, Society and Culture* eru áhrif þess veganestis sem börn hafa með sér inn í menntakerfið frá fjölskyldu og félagsmótun krufin. Greining Bourdieu og Passeron byggir á söfnun empirískra gagna í skólum í Frakklandi á sjöunda áratug síðustu aldar. Börnum úr efri stéttum gengur almennt betur. Kennarar eru líklegri til þess að sjá þá velgengni sem áunninn verðleika sumra barna umfram önnur en tengja það ekki við félagslegar aðstæður fjölskyldnanna þaðan sem þau koma. Þessar félagslegu aðstæður eru fólgin í stéttskiptingu, félagshagfræðilegri stöðu og þeim menningarauð sem fjölskylda býr yfir eða ekki. Þessi aðskilnaður sem verður á börnum



úr mismunandi stéttum þegar inn í menntakerfið er komið er þó dulbúin (Bourdieu og Passeron, 1977).

Hvað veldur þessari þróun? Sýn Bourdieu og Passeron er að í raun sé starf skóla og menntakerfisins byggt á þeim ójöfnuði og þeirra valdasambanda milli stétta sem fyrir eru innbyggð í samfélagið. Auðmagni í öllum sínum birtingarmyndum þess er misskipt og menntakerfið í heild sinni er eins og allt annað hluti af þeirri formgerð samfélagsins. Börn úr ríkjandi stéttum fara inn í menntakerfið þá þegar búandi yfir ákveðnum habitus og menningarauð sem er sá sem á þar mest brautargengi.

Nemendur úr undirskipuðum stéttum búa ekki yfir habitus sem passar við þá menningu sem er í hávegum höfð innan skólans eða réttum menningarauð. Þar sem menningarauður vísar eins og áður sagði til menningar ríkjandi stéttar mætti einnig segja að þau byggju alls ekki yfir neinum eða mögulega yfir litlum menningarauð eftir aðstæðum. Þannig læra börn úr undirstétt í sínum habitus að sitt hlutverk sé að fara ekki menntavegin og að það hlutskipti sé sjálfsagt. Þetta læra þau í gegnum árekstra við skóla og menntakerfi sem er í öðrum takt og verðlaunar önnur gildi en fyrir þeim hafa verið höfð. Þetta er ef til vill ekki meðvituð hugsun en innfærð í gegnum habitus sem gengur í erfðir frá foreldrum.

Í líkani Bourdieu og Passeron móta þeir hugtakið pedagogísk aðgerð sem felur þar í sér menntun og skólun í sínum víðfeðmasta skilningi innan samfélagsins. Pedagógískar aðgerðir eru þannig meira en einungis sú starfsemi sem fer fram innan veggja skólans heldur vísar til miðlun upplýsinga og gilda í formi kennslu heildstætt í samfélaginu. Pedagógískar aðgerðir fara þannig einnig fram innan fjölskyldunnar og á fleiri vettvöngum (Bourdieu og Passeron, 1977).

Pedagógískar aðgerðir velta á þeim valdasamböndum sem mynda grundvöll stéttaskipulags samfélagsins.

Pedagógískar aðgerðir miðla alltaf menningu og gildum ríkjandi stéttar og lögmætir þær. Sú menning er ekki í eðli sínu æðri eða réttmæt en verður ríkjandi. Það er engin hlutbundinn leið til þess að komast að þeirri niðurstöðu að eitt svið menningar sé æðri en önnur. Pedagógískum aðgerðum er beitt af ríkjandi stéttum í krafti valds hennar og sú styrking á menningu þeirrar stéttar er því að öðru leyti órökstudd. Pedagógískar aðgerðir eru þannig verkfæri ríkjandi stétta til að skilgreina menntun og menningu

samfélagsins sér í hag eða viðhalda stöðu þeirra. Pedagógískar aðgerðir endurskapa þannig alltaf aðstæður sem eru í þágu valdastéttar innan samfélagsins.

Pedagógískar aðgerðir eru um leið táknrænt ofbeldi. Táknrænt ofbeldi vísar til þeirrar valdbeitingar sem felst í valdi ríkjandi stétta til að velja sína eigin eða hvað teljist réttmæt menning á kostnað þeirra sem tilheyra ekki ríkjandi stétt. Í samhengi menntunar innan samfélagsins eru pedagogískar aðgerðir það verkfæri sem ríkjandi stéttir nýta til þess að undirskipa þær valdaminni. Ríkjandi stétt nýtir vald sitt til þess að styrkja enn frekar yfirburðastöðu sína með valdi til að skilgreina hvað réttmæt pedagogísk aðgerð felur í sér og valdinu til að hafa þær í frammi. Ríkjandi stétt er þannig í stöðu til að stýra dagskrá eða öllu heldur námskrá samfélagsins sér í hag (Bourdieu og Passeron, 1977).

Þetta vald ríkjandi stéttar byggir á auknu táknrænu auðmagni hennar gagnvart hinum undirskipuðu stéttum. Vald, samkvæmt Bourdieu, er alltaf í grunninn auðmagn. Auðmagn einstaklinga og hópa hefur mismunandi birtingarmyndir og notagildi innan mismunandi sviða samfélagsins (Collins og Makowsky, 2010).

Bourdieu heldur því fram að innan samfélaginu eigi sér stað nokkurs konar sameiginleg vanskynjun á því að hversu miklu leyti gerræði og handahóf ræður því hvaða menning og birtingarmyndir hennar teljast gildari og réttmætari en önnur. Á öllum sviðum samfélagsins gilda ákveðnar reglur, ákveðinn gildi og ólík valdasambönd liggja þeim að grundvelli. Af einhverjum völdum hafa vissir menningarkimar, tákn þeirra og munir þeirra skilgreinst innan þeirra sviða sem virðulegri eða merkilegri en önnur. Þetta kann að virðast augljóst og sjálfsagt en er það í raun ekki. Það er ekkert í innsta eðli þess að leika á fiðlu sem gerir það að gildari viðfangsefni en að vinna í vél bifreiðar. Samt sem áður eru vissir vettvangar og tákn, munir og þættir innan þeirra almennt álitnir heldri og fágaðari en aðrir. Þeir eru nánast án undantekninga þeir vettvangar og tákn sem tilheyra þeim vettvöngum sem fyrir einhverra sögulegra og menningarlegra ástæðna hafa orðið tengdir efri stéttum innan samfélagsins. Ýmist viljandi eða óviljandi hafa þessi svæði og þættir öðlast lögmætingu og það er tenging þeirra við og innlimun í menningu efri stétta. Almennt vald og aukið annars konar auðmagn efri stétta á sviðum samfélagsins setur reglurnar fyrir samfélagið í heild og þannig er önnur menning og tákn og þættir hennar undirskipuð. Það er engin raunveruleg hlutbundin ástæða sem veitir

Þessa yfirburði nema þá vald efri stétta. Lægri stéttir skilgreina sig sjálfar og sína menningu og læra inn á þá undirskipun sem þeim birtist sem augljós sannleikur. Þeirra menning er ekki jafn gild og menning efri stétta samfélagsins eða það sem vald þeirra stétta hefur skilgreint sem rétta menningu (Bourdieu, 1987) (Dillon, 2014).

En hvernig dylst þessi miðlun á félagslegri endursköpun? Fyrir Bourdieu er sú miðlun menningar sem felst í pedagogískum aðgerðum á sviði menntunar undirstaða félagslegrar endursköpunnar samfélagsins alls. Skólar og menntakerfi magna upp og miðla áfram aðgreiningu á grundvelli menningarauðs nemenda sem í gegnum þau fara. Sú aðgreining sem er til fyrir á grundvelli stéttaskiptingar að öðru leyti er viðhaldið og hún styrkt. Eins og fram hefur komið er inntak pedagogískra aðgerða menning efri stétta og þær pedagogísku aðgerðir sem verða ráðandi eru það vegna þess að þær miðla þeirri menningu. Innihald og áhrif ráðandi kennslu er alltaf í takt við hag ríkjandi stétta (Collins og Makowsky, 2010).

Menningarauður getur verið verkfæri til þess að umbreyta og viðhalda valdasamböndum eða öllu heldur lögmæta þau svo. Menntakerfið hefur þau áhrif á að innræta þeim sem gengur verr að þeirra hlutskipti sé gild niðurstaða sem ræðst af því einu að frammistaða þeirra var lakari en annarra. Þeim sem gengur betur fá að sama skapi þá innrætingu að þeirra verðleikar í náminu séu það eina sem útskýrir þeirra velgengi. Þetta mynstur endurtekur sig frá kynslóð til kynslóðar og sú hugmynd að námshæfileikar séu það eina sem ráði til um velgengi innan menntakerfisins er sterk. Sú staðreynd að börnum foreldra úr efri stéttum gangi almennt betur en börnum foreldra úr neðri stéttum er í raun ekki athuguð en er tekið sem sjálfsagðri stöðu mála. Tilhneigin til þess að hugsa að fyrst foreldrunum gekk vel og uppskáru í takt við það og þá líklega munu börn þeirra erfa þá náttúrulegu hæfileika. En í raun hefur stéttaskipan samfélagsins og afleidd valdasambönd þeirra innan þess hér áhrif. Samkvæmt Bourdieu er það habitus nemenda sem að einhverju leyti skýrir þessa þróun. Ómeðvitað innrættur hugsunarháttur sem skólar og menntakerfi efla og viðhalda.

## 5 Gagnrýni á kenningar Bourdieus

Bourdieu er eitt stærsta nafn í félagsfræði 20. aldar. Þetta er þrátt fyrir að þýðingar á hans helstu verkum sem eru skrifuð á frönsku hafi látið bíða á eftir sér. Þar að auki hafa sumum verka Bourdieu lýst sem tyrfnum og ílla aðgengilegum. Að lokum má nefna að að minnsta kosti tvö hans helstu verka, *Reproduction in Education, Society and Culture* og *Distinction*, lýsa ástandi mála í frönsku mennta- og menningarlífi á sjötta áratug síðustu aldar og það mætti halda að það ætti ílla við í öðru samhengi og á öðrum tímum. Það er þó kenningunum ef til vill til happs og viljandi gert að þær eru byggðar á empirískum gögnum og kenningar mótaðar á þeim grundvelli en ekki mótaðar fyrirfram. Þar af leiðandi er ljóst að Bourdieu og Passeron hafa rekist á einhvern sannleik sem virðist gilda eða að minnsta kosti hafa áhrif í mörgum samfélögum. Algeng gagnrýni á sýn Bourdieu er á þá leið að hann einblíni um of á menningu efri stétta og þær séu ef til vill litaðar af stéttarhyggju í kenningum hans. En jafnvel meðal þeirra sem halda þessu fram er nokkuð viðtekin skoðun að kenningar hans og nálganir séu þó nýtilegar til þess að greina það sem að þeirra mati er raunveruleg ástæða lagskiptingar (Kingston, 2001).

Kenningar Pierre Bourdieu, Passeron og annarra samverkamanna Bourdieu hafa samt sem áður verið gífurlega áhrifamiklar. Þau hugtök sem hann og samstarfsfólk hans móta hafa lifað og þá sérstaklega menningarauður og habitus (Dillon, 2014).

Kenningar Bourdieu hafa vakið upp gagnrýni hvað varðar raunverulegt notagildi þeirra. Kingston gagnrýnir áherslu Bourdieu á þá miklu áherslu á þá tengingu sem hann gerir á góðu skólagengi barna við menningu efri stétta. Þá sérstaklega það að áhersla Bourdieu sé á að gott gengi sé að miklu leyti vegna þess að börn séu í takt við rétta menningu og að það sé ekki neitt í eðli þeirrar menningar sem eigi betur heima á sviði menntunar. Það getur nefnilega verið svo. Viss hegðun og eðli einstaklinga munu bjóða upp á betra gengi í skóla. Vissir menningarlegir þættir sem felast í habitus einstaklinga eru líklegri en aðrir til þess að vera vísir að betra gengi í skóla. Þeir þættir eru ekki endilega bein eða óbein undirgefni eða hlýðni við ráðandi menningu þó að þeir séu ef til vill í takt við hana. Það dregur undan því sjónarmiði að vissir menningarlegur þættir hjálpa öllum á sviði menntunar séu þannig séð fylgispekt við eitthvað annað en mætti kalla almenna skynsemi (Kingston, 2001).

Almenn gagnrýni á sýn áttakakenninga á menntakerfið hefur verið að kenningarnar og hugtökin séu ekki í takt við raunveruleikann á öllum stöðum, séu of almenn, og geti ekki gert grein fyrir hlutverki kennara og samböndum þeirra við nemendur sem séu ef til vill að hjálpa nemendum af lægri stéttum að sigrast á þeirri bágri stöðu sem undirskipan í stéttakerfinu getur valdið. Samkvæmt kenningum Bourdieu og samstarfsfólks hans ætti það að vera allt að því ómögulegt fyrir börn verkafólks að ganga vel innan menntakerfisins. Sumum gengur þó vel. Mótrök við þessari gagnrýni væru að við það að ganga vel á fyrri stigum menntakerfisins vinna nemendur sér inn einmitt það auðmagn, nánar tiltekið menningarauð, sem þá skorti til að byrja með. Það að einstaklingur sigrist á líkindum og aðstæðum sínum felur í sér félagslegan hreyfanleika sem er einmitt í takt við líkan Bourdieu. Öflun á réttri gerð auðmagns gerir einstaklinga gjaldgenga á sviðum þar sem að þeir væru það ekki án þess að búa yfir því.

## 6 Yfirlit um tengdar rannsóknir

Paul DiMaggio er bandarískur félagsfræðingur sem var á svipuðum slóðum og Bourdieu í sínum verkum á níunda áratug síðustu aldar. DiMaggio hefur gert rannsóknir á félagslegri lagskiptingu og félagslegum hreyfanleika í Bandaríkjunum. Áhersla hans hefur verið á að menningarauður sé að hafa þannig áhrif að bæta upp lakari stöðu barna foreldra úr lægri stéttum á sviði mennta. Í einni þeirra, sem er gerð 1982 eða skömmu eftir útgáfu *Reproduction in Education, Society and Culture*, rannsakar DiMaggio tenginguna á milli menningarauðs foreldra og námsgengi barna þeirra í bandarískum menntaskólum. Mun aukinn menningarauður foreldra og barna skila sér í bættri námsframmistöðu barnanna? Farið er yfir þætti sem eru til marks um menningarauð nemenda og foreldra þeirra. Mælingar voru gerðar á áhuga og þekkingu á menningarlegum atriðum sem voru svo sameinuð í eina mælingu sem átti að sýna menningarauð einstaklinga.

Meðal niðurstaðna voru að aukinn menningarauður nemenda virtist setta að einhverju leyti þann aðstöðumun sem felst í skorti foreldra þeirra nemenda á öðru aðmagni hvað varðar velgengni í námi. Fylgni var þó lág. Töluverður munur á var á kynjunum. Aukin menntun foreldra og þar af leiðandi aukinn menningarauður þeirra skilaði sér að meira leyti til stúlkna en drengja. Á heildina litið skilaði aukin fjárfesting foreldra í menningarauð sér að mestu leyti til barna í efri stéttum samfélagsins. Með öðrum orðum hafði aukinn menningarauður jákvæð áhrif á nám allra barna en sérstaklega stúlkna og aukin menningarauður skilað sér margfalt áfram til barna í efri stéttum. Aðgreining á milli barna innan skóla jókst þannig á grundvelli menningarauðs foreldra þeirra. Aukin menningarauður foreldra af lægri stéttum skilaði sér til barna sinna en aukinn menningarauður barna foreldra af efri stéttum skilaði sér með miklum vöxtum svo aðgreining jókst á milli þessara hópa á sviði menntunar (DiMaggio, 1982).

Sú aðgreining sem gerð er á fólki á grundvelli stéttarstöðu er oftast en ekki á grundvelli fjárhagsauðs og tengdra hagfræðilegra atriða. Weber gerði greinarmun á stétt á þeim grundvelli og stöðu á grundvelli menningarlegra þátta og þá sérstaklega menningarlegra atriða sem veita einstaklingum hækkaða samfélagslega stöðu. DiMaggio og John Mohr gerðu rannsókn árið 1985 sem tekur tillit til atriða sem auka stöðu

einstaklings hvað varðar þessi atriði sem að þeirra mati eru til marks um menningarauð samkvæmt kenningum Bourdieu.

Hópi karla og kvenna var fylgt eftir í rúman áratug og á grundvelli spurningalista voru kortlögð atriði sem voru metin til marks um aukinn menningarauð. Rannsóknin var gerð í Bandaríkjunum. Áhrif menningarauðar voru á menntun hvað það varðar hversu miklum skóla lauk fólk auk áhrifa menningarauðar á vali einstaklinga á maka. Menntun föður sem var mæling fyrir menningarauð foreldra hafði mælanleg jákvæð áhrif á menningarauð barna af báðum kynjum. Aukin menningarauður föðurs hafði einhver en mild áhrif á líkur á háskólasókn barna af báðum kynjum. Á heildina litið virðist aukin menningarauður skila sér áfram til barna og auðvelda þeim að teygja sig yfir mörk milli stétta. Aukinn menningarauður foreldra skilaði sér til barna, af báðum kynjum, og jók líkur á lengri skólagöngu. Að komast alla leið inn í háskóla er þó ekki það sama og að ljúka námi og DiMaggio og Mohr komust einnig að því að aukinn menningarauður virðist skila sér í auknum líkum á að nemandi kláraði háskólanám. Í þessu tilfalli voru áhrifin sterkari hjá konum en körlum. Með öðrum orðum virðist aukin menningarauður kvenna styrkja stöðu þeirra til muna. Fjárfesting í auknum menningarauð skilar sér í velgengi og viðhaldni í námi fyrir bæði kyn.

Hvað varðar val á maka spáðu höfundar því að menningarauður væri grundvöllur aðgreiningur fyrir einstaklinga til þess að velja sér maka. Aukin menningarauður einstaklings leiddi til þess að sá myndi velja sér maka sem að sama skapi byggir yfir auknum menningarauð. Einnig var því spáð að fyrir einstaklinga sem byggju yfir minni menningarauð væri hjúskapur ein braut til þess að auka við menningarauð og stíga í stöðu með því að velja maka sem byggir yfir auknu auðmagni á þessu sviði. Höfundar spáðu því einnig að þessi braut yrði algengari hjá konum en körlum þar sem konur voru í minnihluta þeirra sem luku framhaldsmenntun og að þar af leiðandi væri þessi braut líklegri opnari þeim en körlum sem byggju yfir minni menntun og auðmagni. Aukin menningarauður var mjög sterkur vísir á það hverjum einstaklingur myndi giftast. Einstaklingur var mun líklegri að velja sér maka með svipaðan menningarauð og hann sjálfur eða auka við sinn eigin með því að velja sér maka með aukinn menningarauð (DiMaggio, 1985).

Graaf, Graaf og Kraaykamp gerðu rannsókn í Hollandi á grundvelli kenninga Bourdieu um menningarauð og kenninga DiMaggio um félagslegan hreyfanleika. Þar er stefnt að því að kljúfa og greina hvað það er í menningu menningarauður sem raunverulega skilar sér til barna foreldra með aukin menningarauð og hefur þau áhrif að börnum þeirra gengur betur í skóla. Félagshagfræðilegar ástæður eru oft gefnar fyrir því hvers vegna sumum börnum gengur betur en öðrum og menningarauður Bourdieu er ein nálgun af þeim toga. Það er samkvæmt kenningum um menningarauð þátttaka foreldra eða fjárfesting þeirra á annars konar auðmagni og tíma í menningarlegum atriðum sem eru í takt við menntakerfið sem skýra aukna velgengni barna þeirra í menntakerfinu. Ein af áðurnefndri gagnrýni á kenningar Bourdieu er að þær einblíni um of á þann samhljóm sem er á milli góðra námshæfileika barna ákveðinna þátta sem eru bundin í menningu mið- og sérstaklega efri stétta. Rannsakendur sækjast eftir því að greina hvort og þá hvað það er innan þess mengis menningar sem spilar stærstan þátt í áhrifum auðmagns foreldra á gengi barna í námi.

Niðurstöður þeirra eru á þá leið að það séu lesvenjur innan fjölskyldna sem eru helsti vísir á gott gengi barna innan skóla. Með því að skilja að mælingar á þátttöku í þáttum menningar sem tilheyra efri stéttum og þeim sem hafa með lesvenjur að gera er hægt að aðgreina áhrif þessara tveggja þátta á skólagengi. Báðir þættir hafa áhrif. Menningarauður og þátttaka í menningu hefur góð áhrif á gengi en að eru lesvenjur og sú hegðun foreldra að stuðla að bættu læsi barna og viðhorfi til náms sem eru helsti vísir á gott gengi. Þessar niðurstöður eru í takt við gagnrýni (Kingston, 2001) sem benti á að vissar venjur sem eru ekki endilega aðgreindar eftir stéttalínunum eru líklegar til þess að vera vísir á gott gengi barna í námi (De Graaf, De Graaf og Kraaykamp, 2000).



## 7 Lokaorð

Áhrifa Pierre Bourdieu og hans safns af kenningum og hugtökum verða ekki fyllilega gerð skil í svona stuttu máli. Þó að hann hafi alla tíð hafnað því að hann væri að smíða nokkurs konar allsherjarkenningu á sínu sviði þá veitir jafnvel lauslegt yfirlit yfir hans helstu verk í ljós mjög heildstæða hugsun um aðgreiningu og viðhald á grundvelli menningarbundinna atriða samfélagsins.

Það er algeng gagnrýni á Bourdieu að kenningar hans litist af stéttarhyggju og hann er jafnvel sakaður um snobb eða yfirlæti. Það mætti þó segja að fáir hafa verið í betri stöðu til þess að bera kennsl á þá mismunun og aðgreiningu sem getur falist í menningarlegum atriðum. Bourdieu á ekki uppruna sinn að rekja til efri stétta samfélagsins eða þeirra afkima samfélagsins innan hvers áhrifafólk innan mennta og menningar er að hans mati bært til þess að skera úr um gildi og réttmæti stöðu einstaklinga innan þeirra, hlutlægt séð, áhrifamikilla sviða. Að telja að hugmyndir Bourdieu hygli frekar efri stéttar hugmyndum, menningu og áhrifum en öðrum vegna þess að hann telji þær eðlislega virðulegri og merkilegri missir af kjarna hugmynda hans. Sá kjarni sem felst einmitt í uppruna hans hjá verkafólki langt frá Parísarborg og þá sýn sem hann hefur vafalítið öðlast á þeim áhrifum sem stígandi menningarlegt valds einstaklingsins getur haft á stöðu einstaklingsins (Grenfell, 2008).

Það er ekki einfalt að geta greint hluti sem standa einstaklingnum jafn nærri og habitus, eða innsta eðli einstaklingsins, og smekk sem jafnan er talað um sem persónubundið fyrirbæri. Að þannig aðgreina frá sjálfum sér þau fyrirbæri sem eru manni svo nærri að þau eru raunverulega hluti af manni. Það er þó ljóst að einstaklingar og hópar eru undir jafn miklum áhrifum frá aðgreiningu á grundvelli menningarlegra fyrirbæra auk þeirrar aðgreiningar sem felst í þeirri heðfbundnu sýn sem sér fjárhagsauð sem helstu aðgreiningu samfélagsins. Bourdieu aðgreinir frá samfélaginu í heild það hvernig okkar innsta eðli og skoðanir eru ekki að öllu okkar eigin heldur mótuð af uppruna okkar og til þess fallnar til þess að vera ástæða og grundvöllur aðgreiningar á milli okkar.

## Heimildaskrá

- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a Theory of Practice* (R. Nice þýddi). Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1986). *The Forms of Capital* í *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (J. G. Richardson ritstýrði), Westport: Greenwood Press.
- Bourdieu, P. (1987). *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste* (R. Nice þýddi). Cambridge: Harvard University Press.
- Bourdieu, P., og Passeron, J.C. (1977). *Reproduction in Education, Society and Culture* (R. Nice þýddi). London: Sage.
- Broadfoot, T. (1978, Mars). *Reproduction in Education, Society and Culture* í *Comparative Education*, 14 (1). Abingdon: Taylor og Francis.
- Collins, R., Makowsky, M. (2010). *The Discovery of Society*. New York: McGraw-Hill.
- De Graaf, N.D., De Graaf, P. M. og Kraaykamp, G. (2000, Apríl). *Parental Cultural Capital and Educational Attainment in the Netherlands: A Refinement of the Cultural Capital Perspective* í *Sociology of Education*. Washington: American Sociological Association.
- Dillon, M. (2014). *Introduction to Sociological Theory: Theorists, Concepts, and their Applicability to the Twenty-First Century*. Malden: Wiley-Blackwell.
- DiMaggio, P. (1982, Apríl). *Cultural Capital and School Success: The Impact of Status Culture Participation on the Grades of U.S. High School Students* í *American Sociological Review*, 47 (2). Thousand Oaks: Sage.
- DiMaggio, P. Mohr, J. (1985). *Cultural Capital, Educational Attainment and Marital Selection* í *American Journal of Sociology*, 90 (6). Chicago: University of Chicago Press.
- Giddens, A og Sutton, P.W. (2013). *Sociology*. Cambridge: Polity Press.
- Grenfell, M. (2008). *Biography of Bourdieu* í *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (Grenfell, M. ritstýrði). Durham: Acumen Publishing.
- Gestur Guðmundsson. (2012). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík: Skrudda.
- Kingston, P. W. (2001). *The Unfulfilled Promise of Cultural Capital Theory* í *Sociology of Education*, 74. Thousand Oaks: Sage.

Thomson, P. (2012). *Field í Pierre Bourdieu: Key Concepts* (Grenfell, M. ritstýrði).  
Durham: Acumen Publishing.

Weber, M. (2010). *The Distribution of Power with the Gemeinschaft: Classes, Stände, Parties* (Waters, D., Waters, T., Hahnke, E., Lippke, M., Ludwig-Glück, E., Mai, D., Ritzi-Messner, N. Christina Veldhoen and Lucas Fassnacht þýddu) í *Journal of Classical Sociology*, 10(2).